

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS
2. FUNDUR MIÐSTJÓRNAR HALDINN FÖSTUDAGINN 10 JÚNÍ 2011.
FUNDARGERÐ.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Staða kjarasamninga.
3. Atvinnulausir félagsmenn.
4. NBTF-Ungliðafundur í Noregi.
5. Orlofsmál.
6. Önnur mál.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt án athugasemda.

2. Staða kjarasamninga.

Niðurstaða kosninga er komin í 4 kjarasamningum.

RSÍ-SA/SART.

Kosningaþátttaka 26,38% Já sögðu 460. Nei 127. Auðir og ógildir 11

RSÍ/FÍS-JÁ.

Kosningaþátttaka 36,5% Já sögðu 45. Nei 0. Auðir og ógildir 1.

RSÍ-Félag atvinnurekenda.

Kosningaþátttaka 31,16% Já sögðu 28. Nei 14. Auðir og ógildir 1

RSÍ-OR.

Kosningaþátttaka 42,7% Já sögðu 22. Nei 13.

Búið er að boða fund hjá RARIK 20 júní og önnur orkufyrirtæki eru að fara á stað.

Aðrar viðræður ekki farnar af stað, en væntanlega verður byrjað innan skamms.

Umræður urðu um samningamál almennt og stöðuna á vinnumarkaði.

Nú er verið að fara á stað með átak gegn svartri atvinnustarfsemi.

Að átakanu standa ASÍ, SA og skattayfirvöld. Átakið hefst 14. Júní.

3. Atvinnulausir félagsmenn.

Alls á atvinnuleysissskrá eru 165 rafiðnaðarmenn.

4. NBTF-Ungliðafundur í Noregi.

Ákveðið er að halda ungliðafund á ári, og verður hann haldinn í Noregi nú á haustdögum. Samþykkt að bjóða Svanborgu Hilmarsdóttir að fara, en hún hefur verið okkar landsfulltrúi í ungliðahreyfingunni. Eins að finna einhvern efnilegan ungliða til að fara með henni.

5. Orlofsmál.

3 fundir hafa verið haldnir í orlofsnefnd frá síðasta miðstjórnarfundi. Margt nýtt fólk er komið til starfa í nefndinni og hefur fengið kynningu á orlofskerfinu.

Á Einarstöðum er unnið að hitaveituframkvæmdum. Ákveðið að heitir pottar verði settir við húsin ásamt því að sólpallar verða aðlagðir að pottum.

Íbúðin í Kaupmannahöfn.
Samþykkt var að framlengja leigusamninginn til áramóta.

6. Önnur mál.

Tekjuuppgjör fyrir fyrstu 4 mánuði ársins liggur nú fyrir.
Tekjuaukning er á milli ára.

Rætt um lagabreytingar félaganna á síðustu aðalfundum.

Rætt um erlent samstarf og starfsemi tengda RSÍ.

Fjölskylduhátíðin nálgast óðum og allur undirbúningur gengur að óskum.

Fundargerð: Helgi Jónsson ritari.